

Fundargerð stjórnar

98. fundur stjórnar Brunavarna Árnassýslu haldinn fimmtudaginn 25. mars, 2010 kl. 12.00 að Austurvegi 52 Selfossi, Slökkvistöð

Mætt:

Margrét K. Erlingsdóttir, Ólafur F. Leifsson, Margeir Ingólfsson.

Einnig mætti á fundinn:

Sigurður Sigurjónsson, lögfræðingur og

Kristján Einarsson, slökkviliðsstjóri, sem ritaði fundargerð

1. Starfsmannamál

Umsókn um stöðu varaslökkviliðsstjóra.

Umsóknarfrestur var til 19. mars s.l. Auglýsingar birtust í héraðsfréttablöðum á Suðurlandi. Fram kom á fundinum að borist hafa athugasemdir þar sem settar eru fram ábendingar um að ekki hafi verið gefin nægjanlega langur umsóknarfrestur. Einnig að ekki hafi verið auglýst á víðari grunni.

Stjórnarmenn ráðfærðu sig við lögfróða menn, niðurstaðan var að endurtaka auglýsinguna í Morgunblaðinu.

Umsóknarfrestur verður gefin til 10. apríl n.k.

2. Húsnæðismál

Rætt um framtíðarhúsnæði slökkviliðsins á Selfossi og víðar.

3. Samningur við Hveragerði

Formaður sagði frá fundi með bæjarstjóra Hveragerðisbæjar þann 15. mars s.l. Fram kom að bæjarstjóri óskaði eftir framlengingu á samningi frá 30.12.2009 um þjónustu slökkviliðs Hveragerðis í Ölfusi en fulltrúaráð B.A. hefur samþykkt á fundi sínum þann 19. febrúar s.l. að hann yrði ekki endurnýjaður.

„Stjórn fór yfir niðurstöður af viðræðum við fulltrúa Hveragerðisbæjar.

*Samningur við Hveragerðisbæ um þjónustu í Ölfusi rennur út núna 31. mars, samþykkt var að hann yrði ekki endurnýjaður og tíminn nýttu til þess dags að skipuleggja verkefnið innan B.A.“
(82. fundur fulltrúaráðs B.A.)*

Einnig óskaði bæjarstjóri Hveragerðisbæjar eftir samningi um eldvarnaeftirlit í Hveragerðisbæ.

Stjórn B.A. vísar í samþykkt fulltrúaráðs frá 82. fundi þar sem bókað er að samningur um klippuvinnu og þjónustu á svæði Ölfus verði ekki endurnýjaður. Stjórn B.A. er tilbúin til viðræðna við fulltrúa Hveragerðisbæjar um samstarf í eldvarnaeftirliti.

Ekki fleira gert og fundi slitið kl. 14.25

Margrét K. Erlingsdóttir, Ólafur F. Leifsson, Margeir Ingólfsson,
Kristján Einarsson